



Pési

Næsti Pési kemur út í apríl 2017. Efni þarf að berast í síðasta lagi **3. apríl** 2017.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er nú áskrifandi að tímaritinu Eiðfaxa. Blaðið kemur bæði út í tímaritaformi og dagblaðaformi. Eins eru alltaf einhverjar nýjar og spennandi bækur á safninu til að lesa eða til að flétta og skoða.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 16-18



Munið að skila safngögnum,
skilalúgan er alltaf opin 😊

Lestrastund er gæðastund - Verið hjartanlega velkomin.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



leitir.is



Gegnir

Sundlaugin á Flúðum.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga - fimmtudaga 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Opið um helgar ef mót eru í gangi í húsinu



mars 2017
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.
313.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Marsmánuður er runninn upp og aðeins tókst vetrinum að minna á sig. Fyrir mína parta verð ég nú þó að segja að ég er ekkert óvonánægður með að það komi smá frost og snjór í hæfilegu magni. Það er ágætt að gróður fari ekki í óvissuleiðangur og svo er nú alltaf sjarmerandi að hafa snjóföl, froststillur og norðurljós til að spila undir. Það tilheyrir þessum tíma að hjónaballið geri upp síðasta ár. Það verður að segjast að það er fyrirhafnarminna að vera áhorfandi en þar sem maður veit hvað hvað mikil vinna er á bak við viðburðinn þá hrósa ég fráfarandi hjónaballsnefnd sérstaklega fyrir góðan undirbúning og frábæra skemmtun.

Varðandi skemmtunina var líka gaman að sjá „nýju“ stólana í félagsheimilinu. Sveitarfélagið festi nefnilega kaup á 400 stólum sem áður voru í notkun á Hótel Hilton sem munu nýtast okkur vel í „menningarhúsinu“ okkar og einnig á risaafmælistónleikum Karlaórs Hreppamanna í íþróttahúsinu þann 1. apríl nk. Sveitarfélagið hefur einnig fest kaup á 1000m² af teppaflísum þannig að hægt sé að verja gólf íþróttahússins þegar viðburðir eru í gangi. Það eykur möguleika okkar á að íþróttahúsið nýtist til stærri viðburða í auknum mæli.

Á vettvangi sveitarfélagsins eru mörg áhugaverð verkefni í gangi. Stærsta verkefni okkar er að hrinda ljósleiðaravæðingu dreifbýlisins í framkvæmd. Hrunamannahreppur fékk úthlutað tæpum 25 milljónum frá Fjarskiptasjóði í verkefnið og síðan áskotnuðust okkur 2 milljónir frá Byggingastofnun. Það er gott og blessað en nú þarf að fara fram mikil vinna til að finna út úr því hvernig þessu skal fyrirkomið. Þar ber hæst hvort sveitarfélögin standi að verkefninu sjálf eða hvort eitthvað fjarskiptafélag sjái um verkið. Það koma inn þættir eins og regluverk Póst- og fjarskiptastofnunar, ríkisstyrkjareglur, samkeppnissjónarmið ESA o.fl. sem þarf að taka tillit til. Góðu fréttirnar er að þetta gerist þó við vitum ekki alveg enn með hvaða hætti.

Í þessum mánuði förum við væntanlega að senda upplýsingarefni til nýrra íbúa í Hrunamannahreppi. Það er nauðsynlegt að huga að því hvernig við tökum á móti nýjum íbúum en benda má á að árinu 2016 voru 18,6% allra íbúa Hrunamannahrepps með erlent ríkisfang.

Annars fækkaði íbúum Hrunamannahrepps aðeins á milli ára og við sigum aftur niður fyrir 800 manna múrinn. Ein ástæðan var sú að það var verið að taka til í „draugskráningu“ íbúa með erlent ríkisfang en fleira kann að koma til. Það er náttúrlega húsnæðisekla sem þarf að hafa áhyggjur af. Vonandi komast nokkur byggingaráform sem eru í pípunum af stað á þessu ári.

Við áttum fund með þingmönnum Suðurkjördæmis um daginn og fórum yfir málin með þeim. Það er ljóst að við þurfum að fylgja fast eftir málum sem tengjast okkur og þingmenn kjördæmisins standa vonandi þétt við bakið á okkur. Okkur hefur fundist að sótt hafi verið af landsbyggðinni á ýmsan hátt og þó okkar svæði standi eflaust betur en mörg önnur á Íslandi finnst okkur ekki alltaf rétt gefið. Við höfum bent á að skynsamlegt sé að sveitarfélögin á svæðinu setji sér auðlindastefnu og þá er átt við auðlindir í víðri merkingu, ekki bara orku heldur t.d. þær náttúruperlur sem eru á okkar svæði.

Varðandi starfsmannamál þá hefur sveitarstjórn samþykkt að koma á starfi umsjónarmanns íþróttamannvirkja og íþrótt- og tómstundafulltrúa Hrunamannahrepps. Um væri að ræða 50% starf en hluti af þessu starfi hefur þó verið til staðar frá síðasta hausti en við viljum gjarnan gefa þessum málaflakki aukið vægi. Þá höfum við einnig ákveðið að allir starfsmenn Hrunamannahrepps hafi kost á að fara í ítarlega heilsufarsskoðun nú í vor. Það er mikilvægt að við fylgjumst með heilsu starfsmanna okkar og gefum gaum að starfsaðstöðu og vinnuumhverfi okkar ágætu starfsmanna sveitarfélagsins.

Varðandi endurvinnslumál vil ég minna á fatasöfnun Rauða krossins en eins og kunnugt er þá er hægt að skila fötum og skóm í gám Rauða krossins á gámasvæðinu á Flúðum. Til að fyrirbyggja allan misskilning mega öll hrein föt fara í fatagáminn. Engu máli skiptir hvort það séu göt á þeim, þau slitin eða annað. Þannig föt nýtir Rauði krossinn þannig að þau eru tætt niður og endurnýtt. Þá mega allir nothæfir skór fara með sömu formerkjum í fatagáminn.

Nú hefur verið skipaður fulltrúi sveitarfélagsins í 17. júní nefndina og varð Svava Kristjánsdóttir fyrir valinu. Þá hefur einnig verið skipaður ruslamálaráðherra fyrir 2017 og ráðherratitilinn hlaut þetta árið hann Sigmundur Brynjólfsson. Ég hlakka til samstarfsins við þessa ágætu einstaklinga um þessi góðu og þörfu málefni.



Ég vil síðan óska vínbúðinni á Flúðum til hamingju með að vera valin vínbúð ársins 2017 en síðustu ár hefur búðin oftast en ekki hlotið þessa viðurkenningu. Það verður að segjast að stækkun búðarinnar hefur tekist mjög vel.

Að lokum vil ég sérstaklega óska Flúðaskóla til hamingju með árshátíð Flúðaskóla. Það er gaman að sjá hvað krakkarnir standa sig vel og ómæld er sú vinna sem starfsmenn Flúðaskóla leggja á sig til að gera þessar sýningar sem glæsilegastar. Leik- og söngleikurinn, Úti er ævintýri, hjá eldra stigi Flúðaskóla var frábær sýning og öllum til sóma sem að þeim viðburði standa.

Göngum bjartsýn til verka.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

„Fögnum íslenska vorinu,“ með eftirhermuni og orginalnum



Jóhannes



Guðni

Segðu mér hvor er hvor

Það verður magnað sagnakvöld með þjóðsögum, eftirhermum og hlátri í Félagsheimilinu Flúðum föstudagskvöldið 24 mars n.k.

Húsið opnar klukkan 20.30

Jóhannes Kristjánsson og Guðni Ágústsson koma loksins fram saman og skemmta okkur. Heitt á könnunni, bjór í krananum það verður fjör.

Aðgangseyrir aðeins 3000 kr.

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

í Reiðhöllinni á Flúðum



18. mars Barnaflokkur - fjórgangur og tölt
10:00 Unglingaflokkur - fimmgangur og tölt

8. apríl Barnaflokkur - smali
10:00 Unglingaflokkur – smali og skeið

Frítt inn – Allir velkomnir



HÓFADYNNUR.IS
DANIEL LARSEN & ROSA BRINA



Fellskotshestar



BLESASTADIR

Staðan eftir fyrsta mót

Barnaflokkur

1	Dórey Þula Helgadóttir	Smári	20
2-3	Freya Linda A. Mattsson	Smári	16
2-3	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	16
4-5	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	14
4-5	Hjótur Snær Halldórsson	Smári	14
6	Dagmar Sif Morthens	Logi	5
7	Fjólnir Þór Morthens	Logi	4

Unglingaflokkur

1	Rósa K. Jóhannesdóttir	Logi	20
2	Aron Ermir Ragnarsson	Smári	18
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	16
4	Sölvi Freyr Freyðisarson	Logi	7
5	Laufey Ósk Grimsdóttir	Smári	6

Smári

120

Logi

36



Hrosshagi
Hestumóttill

Nesey ehf



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir

Veitandi ehf pípuþjónusta

Brekkuhestar



Dalsholt



Geirvöðull



Landshestar



Vatnsvirkjan

Styrktaraðilum Uppsveitadeilda Æskunnar er þakkaður stuðningurinn

Mínum á Reiðskólann sem hefst 28. mars og Hestheimaferð 27.-28. maí

Breytingar í Laugarási.

Hjá okkur í Laugarási hafa orðið nokkrar breytingar. Sigurjón Kristinsson hefur hafið störf sem yfirlæknir. Aðrir læknar koma að, eins og hefur verið undanfarið. Þórður hefur hafið störf á Selfossi og verður ekki fast hjá okkur lengur.

1.apríl munu verða nokkrar breytingar hjá okkur, við byrjum fyrr á morgnana og hættum fyrr. Opnunartími verður frá 8 til 16. Fyrsti læknatíminn mun verða kl 8:20 símatímarnir 2 á sömu tímum og áður kl. 9-9:30 og kl. 13-13:30

Blóðprufur verða teknar á morgnana kl. 8:15 til kl 11, nauðsynlegt er að vera fastandi fyrir blóðprufur, það er meira að marka niðurstöðurnar. Lyfjaendurnýjun verður hjá ritara kl. 8-9 í síma 432 2020

Kær kveðja, Anna Ipsen Hjúkrunarstjóri HSU Laugarási.



Aðalfundur Kerlingarfjallavina 2017

Aðalfundur Kerlingarfjallavina verður mánudaginn 13. mars kl. 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Á dagskrá eru:

- Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Ársreikningur ársins 2016 lagður fram
 3. Starfs-og rekstraráætlun næsta starfsárs
 4. Ákvörðun um árlegt félagsgjald
 5. Lagabreytingar
 6. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanns reikninga
 7. Önnur mál

- Að loknum aðalfundi segir Hildur Vésteinsdóttir, teymisstjóri friðlýsinga hjá Umhverfisstofnun frá fyrirhugaðri friðlýsingu Kerlingarfjalla.

Hvetjum alla félagsmenn að mæta og kynna sér starfsemi félagsins. Nýir félagsmenn velkomnir.

Kaffiveitingar í boði.

Hlökkum til að sjá sem flesta.
Stjórn Kerlingarfjallavina

Óska eftir að fá gefins skart, s.s kúlur, trékúlur, perlur, gamlar hálsfestar og men og fleira og fleira.

Með fyrirfram þökkum, Eydís frá Kaldbak.

„Vinsamlegast komið „góssinu“ til hans þabba míns (Ásgeirs) hvar sem hann verður á vegi ykkar:“



Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga: 10:00–19:00

Sunnudaga: 10:00–18:00

Sími: 486 6633



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða og Gnúpverjahn.

Og allar sumarþustaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00



Hrunamannahreppur

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Verð ekki við næstu miðvikudaga.

Mun auglýsa þegar ég kem aftur til starfa.

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit

Menningarklasi uppveita Arnessýslu

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opnið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hotið er frá landnámi

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Póstkort!!

I'm making museum/gallery of Iceland outside the country. Looking for all types of postcards, could be old ones, new ones, not so good looking. If you don't need them anymore, I can pick them up, just let me know Thank's ! 857 8132 Jánis.

(í lauslegri þýðingu)

Ég er að útbúa safn eða myndagallerí fyrir utan Ísland. Ég er að leita að allskonar póstkortum, gömlum sem nýjum og mega vera gömul og lúin. Ef þið eigið eitthvað aflögu kem ég og sæki! Takk fyrir, Jánis. Sími 857-8132



Frá undirskrift úthlutunar úr Fjarskiptasjóði vegna ljósleiðaravæðingar



Uppsveitadeildin hófst í sjöunda sinn í Reiðhöllinni á Flúðum þann 17. febrúar síðastiðinn með keppni í fjörgangi. Keppnin var hin skemmtilegasta, eins og ávallt.

Það sannaðist að þeir síðustu verða oft fyrstir. Í forkeppni fjörgangsins var Matthías Leó Matthíasson á Nönnu frá Leirubakka síðasti maður í braut en fékk hæstu einkunn 7,73 og skaut Hanne Oustad Smidesang á Roða frá Hala aftur fyrir sig sem hafði hrifið áhorfendur með fallegri sýningu.

Matthías Leó sýndi svo Nönnu frá Leirubakka af enn meira öryggi og hækkaði í A-úrslitum í 8,00 og sigraði örugglega. Þórarinn Ragnarsson á Leik frá Vesturkoti varð í 8. sæti eftir forkeppni með 6,43 og vann sér því sæti í B-úrslitum þar sem hann svo sigraði. Hann náði öðru sæti í A-úrslitum með 7,27.

Knapar í þriðja til fimmta sæti voru með sömu einkunn 6,60 og því þurfti að varpa hlutkesti til að skera úr um röð þeirra. Guðjón Örn Sigurðsson á Kotru frá Steinnesi hreppti 3ja sæti, Viðja Hrund Hreggviðsdóttir á Grana frá Langholti varð fjórða. Hanne Ousted Smidesang valdi að taka fimmta sæti.

Góðir gestir sóttu Uppsveitadeildina heim. Formaður Landssambands Hestamanna, Lárus Ástmar Hannesson, ásamt hluta af stjórn komu og fylgdust með keppninni. Þau voru mjög ánægð með breiddina í keppninni og hversu góð hross komu fram. Jafnframt voru þau áhugasöm um uppbygginu Reiðhallarinnar og það fjölbreytta starf sem þar fer fram.

Úrslit keppninnar má finna á vefsvæði Reiðhallarinnar Flúðum, www.reidhollin.is, sem á facebook síðu hennar www.facebook.com/reidhollinfludum.

Forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþróttá- og tómsfundafulltrúi

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 50% starf sem forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþróttá- og tómsfundafulltrúi. Meginstarfið felst í stjórnun vegna í íþróttahúss og sundlaugar á Flúðum og yfirumsjón með íþróttá- og tómsfundastarfi í sveitarfélaginu. Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun og starfsreynslu sem nýtist í starfi. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf þann 1. ágúst n.k. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 jon@fludir.is. Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 30. mars n.k.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík

Staður og stund

NEMENDAÓPERA SÖNGSKÓLANS Í REYKJAVÍK

sýnir TÖFRAFLAUTUNA - í Félagsheimili Hrunamanna að Flúðum

Laugardaginn 12. mars kl. 18.00

Töfraflautan er þekktasta og vinsælasta ópera allra tíma. Í einsöngshlutverkum eru 19 af nemendum framhalds- og háskóladeilda Söngskólans í Reykjavík, og til liðs við þau koma nemendur unglingadeilda, svo það verða hátt í 50 söngvarar á sviðinu. Sibylle Köll leikstýrir verkinu og semur dansa, Hrönn Þráinsdóttir er tónlistarstjóri og hefur stýrt undirbúningi og leikur einnig með á píanó. Stjórnandi: Garðar Cortes

Töfraflautan er ævintýri sem höfðar jafnt til ungra sem aldinna; um prins og prinsessu, vonda drottningu og góða anda og skrýtna og skemmtilega mannfugla.

Hún er um baráttu góðs og ills, þar sem hið góða sigrar að lokum.

Töfraflautan *Die Zauberflöte* er ópera í 2.þáttum við texta Emmanuel Schikaneder

Textaþýðing: Þorsteinn Gylfason, Böðvar Guðmundsson og Þrándur Thoroddsen.

Hún var frumflutt í Víðarborg 30. sept. 1791, og er þekktasta og vinsælasta ópera allra tíma. Hún hefur verið sýnd a.m.k. fimm sinnum, í heild sinni, í atvinnuleikhúsum á Íslandi og

Nemendaópera Söngskólans hefur þrisvar áður tekið Töfraflautuna til sýninga; 1998 í tónleikasal Söngskólans, 1999 í Íslensku óperunni í tilefni 25 ára afmælis Söngskólans,

og þá var hún einnig sýnd fyrir grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og 27. jan. 2006 flutti Nemendaóperan Töfraflautuna í Iðnó, á 250 ára afmælisdegi Mozarts. Þessar sýningar voru þó ekki allar í fullri lengd, og við mörg önnur tækifæri hafa verið flutt atriði úr Töfraflautunni á tónleikum skólans, ýmist á tónleikapalli eða í leikgerð

Söguþráður óperunnar er um baráttu góðs og ills, um ástina í sinni fegurstu mynd, afbrýði og hefnigirni:

Prinsinn Tamínó og fuglafangarinn og náttúrubarnið Papagenó freista þess að frelsa Pamínu, dóttur Næturdrottningarinnar úr klóm æðsta prestsins Sarastrós. Þeir fá til fararinnar verndargripi, töfraflautu og töfraklukkur. Ekki er allt sem sýnist, þeir leggja upp með að Næturdrottningin sé “sú góða” og Sarastró “sá vond” en komast að því að Næturdrottningin er illt myrkrafl en Sarastró göfugur kraftur ljóssins.

Eins og í öllum ævintýrum sigrar hið góða;

Næturdrottningin fær makleg málagjöld, Tamínó frelsar Pamínu, Papagenó fær sína Papagenu og öll lifa þau hamingjusöm upp frá því.

Tónlistarstjóri og píanóleikari: Hrönn Þráinsdóttir

Leikstjóri og höfundur dansa: Sibylle Köll

Stjórnandi:

Garðar Cortes

Sýningastjóri:

Harpa Harðardóttir

Aðstoð við tónlistarundirbúning: Antonia Hevesi

Harpa Harðardóttir / Hólmfríður Sigurðardóttir

Leikmynd og búningar

Unnið af söngvurum Nemendaóperunnar
- umsjón Kristbjörg Lára Gunnarsdóttir
og fengið að láni hjá Íslensku óperunni

Hlutverkaskipan:

Næturdrottning

Harpa Ósk Björnsdóttir

Pamína

Marta Kristín Friðriksdóttir

Papagena

Karlotta Dögg Jónasdóttir

1. hirðmær

Salný Vala Óskarsdóttir

2. hirðmær

Hanna Ágústa Olgeirsdóttir

3. hirðmær

Jara Hilmarsdóttir

1. drengur

Guðný Guðmundsdóttir / Þórhildur Steinunn

Kristinsdóttir

2. drengur

Kristbjörg Lára Gunnarsdóttir / Hildur Kristín

Thorsensen

3. drengur

Halldóra Ósk Helgadóttir / Sigríður Rósa

Snorradóttir

Tamínó

Einar Dagur Jónsson

Papagenó

Birgir Stefánsson

Sarastró

Magnús Már Björnsson Sleight

Mónóstatos

Kristbjörg Lára Gunnarsdóttir

Þulur / prestur

Ólafur Freyr Birkisson

Prestur / varðmaður

Josef Lund Josefson

Prestur

Þorgils Hlynur Þorbergsson

Varðmaður

Hans Martin Hammer

Aðrir söngvarar og leikarar:

Anna Sigrún Gunnarsdóttir / Arna Ösp Ómarsdóttir / Askja Lilja Finze
Ásta Björk Garðarsdóttir / Bergdís Brynjarsdóttir / Björn Ingi
Berndsen Björnsson

Ellert Blær Guðjónsson / Freyja Sól Kjartansdóttir / Gyða Dröfn
Víðisdóttir

Hekla Karen Alexandersdóttir / Karl Jóhann Stefánsson / Kári
Fjóluson Thoroddsen

Kristín Ísafold Traustadóttir / Lára Stefnía Guðnadóttir / Lucia
Jóhannesdóttir

Margrét Björk Daðadóttir / Mikael Köll Guðmundsson / Myrra
Magdalena Kjartansdóttir

Sara Guðnadóttir / Sara Isabel Gunnlaugsdóttir / Sigurður Gíslason
Sólveig Guðrún Guðjónsdóttir / Snjólaug Vera Jóhannsdóttir / Stefán
Franz Guðnason

Védís Drótt Cortez



GIANT D337T HD

Giant D337T HD er afmikiill og með mikla lyftigetu miðað við stærð.

Vélin er fjórhjóla drifin með "Heavy duty" öxla og sjálfvirkri læsingu á mismunadrifi.



Vél:	Kubota D1105 T 33 HP/24 kW
Lyftigetata:	1450 kg
Aksturshraði:	0-10 / 0 -25 km
Breidd:	104 -128 cm
- Hátt og lágt drif	
- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxlum	

- Mikil lyftigetata
- Afmikiill
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Eigum vél til afgreiðslu strax

GIANT D254SW

Litli risinn

Giant D254SW er samþjappað orkutróll. Lipur í þröngum svæðum og getur nánast lyft eigin þyngd.



Vél: Kubota D902
25 HP/17,5 kW

Lyftigetata: 1000 kg
Aksturshraði: 0-15 km
Breidd: 92 -110 cm

- Fjórhjóladrif
- Mikil lyftigetata miðað við stærð
- Afmikiill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

- Mikil lyftigetata miðað við stærð
- Afmikiill
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Eigum vél til afgreiðslu strax

Rúllugreip einföld Kr. 79.215

mVsk



Rúllugreip fyrir tvær rúllur



Kr. 345.464

Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utan af rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öflugra tjákka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frofnar rúllur.

Sterkur - Öflugur - Léttur

Tilboð á spónum Kr. 1.692,-

mVsk 20 kg. balli ef tekið er eitt bretti (18 ballar á bretti)



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Verði ljós.

Og það varð ljós. Og sólin kviknaði og hellti geislum sínum yfir jörðina og veitti henni bæði birtu og yl. Og líf tók að myndast á jörðinni. Það tók milljónir ára þar til maðurinn varð til en hvernig? veit enginn en það er nú önnur saga. En vegna þess að jörðin er kúlulaga eins og allir vita nú orðið er alltaf myrkur á þeim hluta jarðarinnar sem snýr frá sólinni. Við fáum svo sannanlega að kenna á því í skammdeginu. Það hefur lengst af verið takmark mannsins að vinna sigur á myrkrinu. Það gekk afar hægt fyrstu árþúsundir en það fór að rofa til með tilkomu eldsins og menn fóru að beisla hann til sinna þarfa. Menn til forna sátu við langelda og höfðu blys eða kyndla og stungu í veggjaholur til að lýsa sér.

Á síðasta mannsaldri urðu framfarir örar með tilkomu olíunnar og rafmagnsins. Þökk sé þeim sem fundu upp rafmagnid og ljósaperuna. Nú liggja raflagnir um öll húsakynni og ljósastaura og lýsa upp hýbýli manna og umhverfið. Einnig er farið að rækta allskyns matjurtir og blóm undir ljósum. Þeir sem enn eru á yngri árum þekkja ekkert annað. Því langar mig til að skyggast eins og einn mannsaldur aftur í tímann og lýsa því hvernig þetta var þá. Ég fór á fund fyrrum elsta manns sveitarinnar, Guðmundar Indriðasonar heitins og innti hann eftir því hvernig lýsingu hafi verið háttað í hans bernsku. Hann mundi vel eftir grútartýrunni og lýsti henni sem lítilli ausu með stút þar sem kveikur var lagður í og lýsisgrút hellt í.

Þetta gaf nú ekki mikið ljós en betra en ekkert, þá voru steyp tólgarkerti en innflutt vaxkerti tóku fljótlega við af þeim.

Með tilkomu steinolíunnar batnaði ástandið til muna.

Olíulugtirnir og lamparnir komu til sögunnar. Lamparnir voru misstórir, 8 línu og 10 línu, var þá hringurinn sem kveikurinn kom upp úr olíukútnum misstór og lampaglösin eftir því.

Ég sjálfur man eftir því að ég var staddur úti í fjósi og hélt á ljósgjafa sem kölluð var týra. Þetta var glas (sennilega stórt meðalaglas) fyllt af steinolíu, í tappanum var hólkur og kveikur lá niður í gegnum hann niður í olíuna. Guðmundur sagði mér frá því

að árið 1929 þegar hann fermdist fékk hann að fara á leiksýningu í nýja salnum við barnaskólann. Þá voru olíulampar hengdir upp á vegg. Þar mætti Guðmundur heitinn á Högnastöðum með gaslugt. Þetta var kútur 1 til 2 lítra, upp úr honum kom röraflækja og á endann var hengdur grisjupoki á stærð við hænuegg. Glerhjálmur var utan um rörin og pokann. Pumpa var áföst við kútinn og þurfti að pumpa í hann til að fá olíuna til að streyma upp í rörin. Þegar olían hitnaði myndaðist gas sem brann í grisjunni og myndaðist þá mikið og skært ljós og pokinn varð eins og kúla í laginu. (Sjá byggðasafn)

Þetta gæti hafa verið fyrsta gaslugtin sem kom í sveitina enda þyrptust menn að Guðmundi til að skoða þetta fyrirbæri. Ég minnst þess þegar ég var í barnaskóla upp úr 1940 að gaslugt var notuð á kvöldvökunum sem voru í borðstofunni, þar lærðum við krakkarnir að þrjóna undir sögulestri nemenda sem best voru læsir.

Seinna kom svo lítill bensínrafmótor sem staðsettur var í kjallaranum undir leiksviðinu í salnum. Gekk oft í braski að halda honum gangandi, enda hálfylltist kjallarinn oft af vatni þegar mikið rigndi. Þá var fengin öflug díselrafstöð 220 volta sem var staðsett framan við sundlaugina undir sundlaugarpöllum, og var hún notuð þar til rafmagnið frá rafveitunum kom laust fyrir 1960.

Um þetta leyti komu Aladín lamparnir til sögunnar, þeir báru mjög gott ljós svipað og gaslugtirnir. Svona lampi var lengi notaður heima hjá mér í Miðfelli. Á tveimur bæjum sem ég veit um voru notuð karbít ljós. Notað var gas sem framleitt var á sérstakan hátt og flutt um húsinn í mjóum rörum. Þetta

voru Hrafnkelsstaðir og Birtingaholt. En nú fór rafmagnið að sækja fram. Fengnar voru 12 volta vindmillur á marga bæi, voru þær ýmist settar upp á hlöðubök eða steyptir undir þær turnar, ég man sértaklega eftir milluturninum í Hvammi vegna þess hversu hár hann var og stendur hann enn í dag. Þar var 32 volta milla. Í Miðfelli, austurbæ var keypt 32 volta milla, var hún mun veigameiri en 12 volta millurnar. Á mörgum bæjum voru notaðir litlir bensínmotorar með áföstum rafal. Á tveimur bæjum voru byggðar vatnsaflsvirkjanir. Þetta voru Ás og Foss. Um virkjunina á Fossi er til mjög greinargóð lýsing sem og á rekstri hennar í Árnesingi eftir Hjörleif á Fossi. Um virkjunina í Ási og sögu hennar er ekki til neitt á prenti svo ég viti. Þörf væri á að bæta þar um meðan enn er tími til.

Þegar Olgeir Guðjónsson, sem kenndur er við Hellisholt, byggði Gilsbakkann, ákvað hann að raflýsa húsið. Hann gerði litla stíflu í lækinn fyrir ofan flúðirnar og leiddi vatnið í tréstock niður fyrir flúðirnar (þar sem nú er dælustöð hitaveitunnar) Þar kom hann fyrir túrbínu sem snéri rafmótor úr bíl. Þetta hefur sennilega verið ein minnsta rafstöð á landinu. Rafmagnið var svo flutt með loftlínu í húsið á Gilsbakka.

En nú er öldin önnur. Nú flæðir rafmagnið um allt, ýmist í jarðstrengjum eða eftir loftlínunum til hagsbóta fyrir alla.

Menn sitja í vellystingum í birtu og yl fyrir framan tölvuna eða sjónvarpið eða með bók í hendi. En svo fer rafmagnið af. Og hvað þá. Það er eins og fótunum sé kippt undan öllu, bara myrkur og ráðaleysi. Þá væri gott að eiga til kertisstúf í handraðanum til að yfirvinna myrkrið. Eg læt þessu spjalli hér með lokið, og vona að þeir sem ekki muna þessa tíma hafi gaman að þessu.

Kveðja. Karl Varmalæk.



Heiðarkotsfréttir.

Á Heiðarkoti eru 12 börn sem öll eru fædd á árinu 2014. Við á Heiðarkoti erum dugleg að leika okkur og þjálfum félagslega færni með leik, við æfum okkur í að skiptast á og að leyfa öðrum börnum að leika með okkur. Góð samskipti barna eru lykillinn að vellíðan og vináttu.

Hjá okkur er skipulögð dagskrá á hverjum morgni. Við förum t.a.m. í íþróttahúsið og spriklum þar, lærum um íslensku máhljóðin með hjálp Lubba, sköpum hin finustu listaverk í myndlist, syngjum og hlustum á tónlist. Við stefnum að útiveru minnst einu sinni á dag í öllum veðurbrigðum, förum í gönguferðir eða leikum okkur úti í garði. Okkur þykir jafn skemmtilegt að leika í rigningu, snjó og sól og blíðu.

Málörvun skipar stóran sess í starfi okkar erum við dugleg að tala saman. Við höfum orð á öllum hlutum, hvort sem er í leik eða starfi. Við erum með skipulagðar málörvunarstundir þar sem börnin leika sér eða vinna verkefni undir handleiðslu kennara. Umfram allt er markmiðið okkar á Heiðarkoti að mæta þörfum hvers barns. Að öllum líði vel, allir séu glaðir og ánægðir með sig og sitt.





Starfið á leikskólanum er nú í góðum farvegi og börn og starfsfólk una glaðir við sitt. Starfsmannakönnun er ný lokið og foreldrakönnun ný byrjuð. Við biðum spennt eftir niðurstöðum úr þessum könnunum sem eru hluti af innra mati leikskólans. Innra mat er tæki til að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum. Það er því mikilvægt að foreldrar gefi sér tíma til að svara könnuninni svo við starfsfólk getum, með ykkar aðstoð, gert góðan skóla betri.

Hver deild er með sitt dagsskipulag og lögð er áhersla á að hvert barn fái að njóta sín á eigin forsendum. Til þess að það sé hægt er oft nauðsynlegt að vinna í smærri hópum og gefa þannig hverju barni tækifæri til að láta ljós sitt skína. Það er misjafnt eftir deildum hvernig er skipt í hópa en t.d. var hópum fjölgað á Skógarkoti um áramót þegar 2013 árgangurinn bættist við á deildinni. Á Skógarkoti eru núna 16 börn fædd 2011-2013.

Á Heiðarkoti eru núna 12 börn, öll fædd árið 2014. Eins og gera má ráð fyrir er töluverður munur á þroska barna sem fædd eru snemma árs og þeirra sem fædd eru seint á árinu. Einnig eru tvítyngd börn í hópnum. Til þess að þau njóti sín vinna þau í litlum hópum, t.d. í myndlist og útikennslu, en eru saman í frjálsum leik, bæði inni og úti.

Á Móakoti eru yngstu börnin, þau eru 10 fædd 2015-2016.

Við leggjum áherslu á að samstarf við foreldra sé gott og því er mikilvægt að haft sé samband við deildarstjóra eða leikskólastjóra ef eitthvað er ekki eins og ykkur finnst það eiga að vera. Oftast er hægt að laga og leiðrétta áður en mál eru komin í óefni en til þess að það sé hægt er mikilvægt að tala saman.

Starfsfólk leikskólans er samstiga í því að gera góðan leikskóla betri, með samvinnu og samstarfi eru okkur allir vegir færir.

F.h. starfsfólks
Undralands
Ingibjörg Bjarney
Baldursdóttir
Leikskólastjóri





Frá Félagi eldri Hrunamanna

Opið hús og Aðalfundur Félags eldri Hrunamanna 15. mars kl. 14:00

Opið hús verður í Félagsheimilinu miðvikudaginn 15. mars kl 14.
Garðar Olgeirsson spilar á harmoniku og upplestur.

Aðalfundur FEH 15. mars að loknu opnu húsi
(u.þ.b. kl. 14:30)

Almenn aðalfundarstörf:

- Skýrslur stjórnar
- Kosningar. Kosið verður um formann og gjaldkera.

Loftur Þorsteinsson gjaldkeri gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa sem gjaldkeri

- Önnur mál

Kaffi í boði FEH.

Vonumst eftir góðri þátttöku félaga.

Bestu kveðjur,
stjórnin

Árshátíð

Árshátíð félagsins verður haldin *sunnudagskvöldið 26. mars í Félagsheimilinu.*

Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald hefst kl. 19:30.

Fjölbreytt skemmtiatriði og að þeim loknum verður dansað við undirleik Karls Hallgrímssonar.

Miðaverð 6000 kr.

Pantanir berist fyrir miðvikudaginn 22. mars til Bubbu í síma 486 6670/ 893 3674 eða til Eddu í síma 486 6577/ 862 0572.

Fjölmennum og höfum gaman saman. Takið með ykkur gesti.

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja sýnir leikritið
Láttu ekki deigan síga Guðmundur eftir Eddu Björgvinsdóttur og Hlín
Agnarsdóttur. Tónlistin er eftir Jóhann G. Jóhannsson.
Leikstjórn Vilborg Halldórsdóttir



Allar sýningar eru í félagsheimilinu í Árnesi.

Frumskýning föstudaginn 10 mars kl. 20

2 sýning sunnudaginn 12 mars kl. 14 ath. dagsýning

3 sýning laugardaginn 18 mars kl. 14 ath dagsýning

4 sýning sunnudaginn 19 mars kl 20

5 sýning fimmtudaginn 23 mars kl 20

Miðaverð er 3.000 kr

Miðapantarnir í síma 897-1112 og netfang gibba@pax.is

Við erum á facebook Láttu ekki deigan síga Guðmundur í Árnesi

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Uppsveitadeildin 2017 heldur áfram. Næsta keppni er fimmgangur sem verður haldin **föstudaginn 10. mars**. Kynning keppenda og liða hefst kl. 19:45 og forkeppnin hefst stundvíslega kl. 20:00.

Staða efstu knapa er þessi:

1. Matthías Leó Matthíasson.	21
2. Þórarinn Ragnarsson.	20
3. Guðjón Örn Sigurðsson.	19
4. Viðja Hrund Hreggviðsdóttir.	18
5. Hanne Smidesang.	17
6. Bragi Viðar Gunnarsson.	16
7. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir.	15
8. Sara Rut Heimisdóttir.	14
9. Óskar Örn Hróbjartsson.	13

Staða liðakeppninnar er þessi:

1. Vesturkot.	56 stig.
2. Subway.	37 stig.
3. Kílhraun.	32 stig.
4. JÁVERK.	30 stig.
5. Baldvin og Þorvaldur.	29,5 stig.
6. Kjóstaðir 3.	29 stig.
7. Sóleyjarbakki.	16,5 stig.



Efstu knapar Uppsveitadeildarinnar 2017 í fjörgangi. Sigurvegari Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka. Í öðru sæti Þórarinn Ragnarsson og Leikur frá Vesturkoti. Í þriðja sæti Guðjón Örn Sigurðsson á Kotru frá Steinnesi. Verðlaun afhentu Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH, og Jóna Dís Bragadóttir, varaformaður LH.

Fréttir úr starfi Ungmennafélags Hrunamanna

Frjálsar íþróttir -

Meistaramót Íslands yngri iðkenda í frjálsum fóru fram á dögnum. Hrunamenn áttu marga öfluga fulltrúa þar. Á meistaramótinu fyrir 11-14 ára fór glæsilegur hópur frá okkur og lagði mikið af mörkum í stigasöfnun HSK/Selfoss sem varð lang stigahæsta félagið á mótinu. HSK/Selfoss voru meira að segja með fleiri stig en félögin sem voru í öðru, þriðja og fjórða sæti saman lagt. Okkar krakkar fóru margsinnis á verðlaunapallinn og lögðu sig öll virkilega vel fram, bæði utan vallar sem innan. Við eignuðumst einn Íslandsmeistara í einstaklingsgreinum en það var Ingibjörg Bára Pálsdóttir sem varð íslandsmeistari í kúluvarpi 13 ára. Þórhildur Arnardóttir, Una Bóel Jónsdóttir og Haukur Arnarsson urðu einnig íslandsmeistarar með sínum boðhlaupssveitum. Úrslit og fullt af myndum má finna á síðu fri.is

Máni Snær Benediktsson varð Íslandsmeistari í hástökki í sínum aldursflokki á meistaramóti Íslands 15-22 ára helgina 25.-26. febrúar með því að stökkva yfir 1,75 m. Þar með eru þó afrek Mána ekki upptalinn. Kappinn var einnig í sigursveitinni í boðhlaupi sem setti bæði HSK met og mótsmet. Hann hlaut silfur í 1500 metra hlaupi á persónulegu meti, tímanum 5:05,43 mín. Máni náði í bronsið í langstökki með stökki upp á 5,29 m, hans besta stökk til þessa og komst í úrslit í 60 m hlaupi hlaupi þar sem hann hafnaði í 5.sæti á tímanum 8,10 sek. Sannarlega glæsilegur árangur hjá Mána Snæ og óskum við honum innilega til hamingju með árangurinn.

Körfubolti -

Meistaraflokkur karla heldur áfram á sigurbraut. Liðið er sem stendur langefst í 2.deild karla, en framundan er úrslitakeppni sem sker úr um hvort liðið tryggi sér sæti í 1.deild að ári. Það var mjög ánægjulegt að fá fjölmarga iðkendur körfuboltadeildarinnar á heimaleik gegn Leikni þann 16.febrúar. Síðasti heimaleikur Hrunamanna/Laugdæla fyrir úrslitakeppni verður þann 9.mars þegar ÍB kemur í heimsókn og væri gaman að sjá sem flesta á þeim leik.

Yngri flokkarnir halda áfram að gera það gott. Í fyrsta sinn tefla Hrunamann fram drengjaflokk (strákar fæddir '99 og '00) og er það gert í samvinnu við Þórsara og Hamarsmenn. Árni Þór heldur utan um þjálfun liðsins og hefur liðinu gengið upp og niður í vetur.

9. flokkur kvenna gerði góða hluti á sínu móti á dögnum. Þær stúlkur voru hársbreidd frá 2. sæti í A-riðli en máttu gera sér 4.sætið að góðu eftir góðar viðureignir gegn Suðurnesjaliðunum. Öruggur sigur vannst þó á Blikum.

8.flokkur karla hefur verið á miklu skriði. Liðið hefur ekki tapað leik í vetur, sigrað allar 12 viðureignir sínar í A-riðli og er það árangur sem ekki hefur sést hjá okkar félagi áður. Vonandi halda þeir piltar því góða gengi áfram.

7. flokkur kvenna leikur einnig í A-riðli og voru stelpurnar í þeim flokki búnar að sigra einn leik og tapa einum í síðustu umferð en seinni deginum var frestað vegna veðurs.

7.flokkur karla lék í B-riðli á heimavelli á dögnum og mátti sætta sig við 4 tapleiki en það fer allt saman í reynslubankann.

Minniboltaliðið okkar standa sig vel. Stelpurnar héldu velli í A-riðlinum sem og strákarnir. Bæði lið enduðu í 4.sæti. Glæsilegir íþróttamenn sem við eigum þar.

Þau allra yngstu hafa svo fengið að glíma við jafnaldra sína víðs vegar af landinu á bæði póstmóti Breiðabliks og jólamóti ÍR. Þar er auðvitað framtíðin björt.

Á dögnum voru lokahópa valdir í yngri landslið KKÍ. Perla María Karlsdóttir var valin í 18 manna hóp u15 ára landsliðs stúlkna, en liðið mun leika á boðsmóti í Kaupmannahöfn í júní í sumar. Þá er rétt að geta þess að Ragnheiður Björk Einarsdóttir frá Miðfelli var valin í 12 manna hóp 18 ára stúlkna liðsins sem mun taka þátt bæði á NM og EM í sumar. Við óskum þessum glæsilegu fulltrúum okkar innilega til hamingju með valið.

Blak -

Kvennaliðið heldur uppteknum hætti í sínu starfi. 25 manna hópur mætir vel á æfingar og mót. Stelpurnar tefla fram einu liði í Íslandsmóti og þar hefur árangur verið með ágætum. Á síðasta móti náði liðið í 11 stig af 15 mögulegum og er liðið í 4. sæti sinnar deildar, 6 stigum frá toppnum. Að auki er liðið duglegt að taka þátt í hinum og þessum opnu mótum sem haldin eru af félögnum reglulega.

Knattspyrna -

Ákveðið hefur verið að tefla fram meistaraflokki í 4.deild karla nk. sumar. Hefur liðið nú þegar leikið 1 æfingaleik og stefnir það að fleiri leikjum áður en alvaran tekur við í sumar. Liðið mun leika í C-riðli með Úlfunum, Árborg, Kormáki/Hvöt, Ými, Létti, Skallagrím og Kóngunum.

Yngri flokkarnir æfa undir styrkri stjórn Guðna Sighvatssonar og hefur iðkendur þar fjölgað jafnt og þétt í vetur.

Fimleikar -

Fimleikarnir eru alltaf vinsælir og hefur góður hópur verið að æfa í vetur. Að sögn þjálfara eru krakkarnir á fljúgandi siglingu í framförum. Stefnir hópurinn á heimsókn á fimleikaæfingu hjá öðru félagi þegar nær dregur vori.

Afmælistónleikar Karalakórs Hreppamanna

Árið er 1997, og ekki þótti mega dragast lengur að stofna karlakór í uppsveitum Arnessýslu. Boðað var til fundar um stofnunina 1. apríl. Á þriðja tug karla mætti og söngstjórinn Edit, alls óhrædd við dagsetninguna - og það var ekki aftur snúið.



Æfingum var ekki sinnt með hangandi hendi því strax 30. apríl söng kórinn nokkur lög á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Síðan hefur ekkert lát verið á söng kórsins eða þátttöku karla í honum, árin hafa hlaðist upp og brátt verður kórinn tuttugu ára. Edit Molnár hefur verið stjórnandi hans frá upphafi og Miklós Dalmay píanóleikari og hafa bæði reynst kórnum mesti happafengur. Nú á afmælisári eru kórfélagar 57 talsins og koma úr flestum sveitum Arnessýslu að Selfossi meðtöldu. Þessi sveit ætlar í tilefni tvítugsafmælisins að halda þrenna tónleika á næstunni og fá til liðs við sig þrjá karlakóra enda mega herlegheitin ekki vera minni.

Afmælistónleikar kórsins hinir fyrstu verða 1. apríl næstkomandi klukkan 16.00 í íþróttahúsi Hrunamanna á Flúðum.

Karлакórinn Fóstbræður er boðinn velkominn til þátttöku í þeim tónleikum.

Næstu tónleikar verða í Selfoskirkju 3. apríl klukkan 20.00 og þar ætlar Karлакór Selfoss að gera kórnum þann heiður að syngja með.

Hinir síðustu verða í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði 5. apríl klukkan 20.00. Heimamenn í karlakórnum Þröstum koma þar til liðs við afmælistónleikinn.

Dagskrá Karлакórs Hreppamanna á tónleikunum samanstendur af úrvali laga frá tuttugu ára ferli hans. Er það von kórsins að sem flestir komi á tónleikana og samfagni með því að hlýða á tímamótasöng.